

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð nr. 85 15. febrúar 1988, um tollverð notaðra bifreiða.

#### 1. gr.

1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Reglugerð þessi gildir um ákvörðun tollverðs innfluttra, notaðra bifreiða, sem flokkast undir vörulið nr. 8703 í viðauka I við tollalög nr. 55/1987, sbr. lög nr. 96/1987, um breyting á þeim lögum. Notuð telst bifreið því aðeins í þessu sambandi að hún hafi í minnst þrjá mánuði verið skráð og leyfi veitt til aksturs hennar erlendis og óyggjandi sé að hún hafi verið notuð til aksturs þann tíma. Skráning til bráðabirgða, t.d. vegna síðari útflutnings, telst ófullnægjandi í þessu sambandi. Leiki vafi á um hvort bifreið skuli talin notuð getur tollstjóri leitað álits Bifreiðaeftirlits ríkisins.

#### 2. gr.

Við 3. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein er orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal við ákvörðun tollverðs notaðra bifreiða sem eru 25 ára eða eldri miðað við viðskiptaverð (reikningsverð) sem innflytjandi leggur fram við tollafgreiðslu. Telji tollstjóri að reikningsverð sé óeðlilega lágt, miðað við ástand ökutækis, innflutningsverð á sams konar eða svipuðum bifreiðum sem fluttar eru til landsins á sama tíma og markaðsverð erlendis getur tollstjóri metið tollverð bifreiðar samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 395/1987, um tollverð og tollverðsákvörðun, eða, ef innflytjandi krefst, látið fara fram sérstaka matsgerð á kostnað innflytjanda. Mat skal eingögnu lagt til grundvallar að höfðu samráði við ríkistollstjóra.

#### 3. gr.

Við 4. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein er orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal fyrning samkvæmt 1. mgr. 3. gr. vera 1,5% fyrir hvern mánuð fyrstu 12 mánuðina, 1% fyrir næstu 24 mánuðina og 0,5% fyrir hvern mánuð eftir það, þó aldrei meir en svo að eftir standi 10% af fyrningargrunni bifreiðar vegna bifreiðar sem maður flytur með sér eftir a.m.k. tveggja ára búsetu erlendis og hún hafi verið í eigu hans í a.m.k. eitt ár. Við ákvörðun tollmeðferðar samkvæmt þessari málsgrein skal, eftir því sem við á, gætt ákvæða 1. gr. reglna nr. 272/1988 um tollmeðferð á heimilismunum manna sem flytja búferlum hingað til lands. Verð notaðra bifreiða erlendra sendiráða eða sendirádsstarfsmanna sem tollafgreiddar hafa verið samkvæmt 2. tölul. 3. gr. tollalaga skal fundið með sama hætti en lok fyrningar skal miða við söludag.

#### 4. gr.

Við 1. mgr. 5. gr. bætist nýr málslíður er orðist svo:

Hámarksfyrningartími samkvæmt 1. mgr. 4. gr. er 36 mánuðir.

#### 5. gr.

Við 6. gr. bætist nýr málslíður er orðist svo:

Í sama tilgangi getur hann látið útbúa skrá yfir bifreiðar sem hlotið geta tollafgreiðslu samkvæmt 2. mgr. 2. gr.

#### 6. gr.

Á eftir orðunum „sams konar“ í 2. málslíð 1. mgr. 7. gr. komi orðin: „eða svipuð“.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 12. gr. tollalaga nr. 55/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 96/1987, um breyting á þeim lögum, til að öðlast gildi þegar í stað.

Hafi tollstjóri veitt innflytjanda bifreiðar sem flyst hingað til lands eftir a.m.k. tveggja ára búsetu erlendis, heimild til aksturs hennar hér á landi en greiðsla aðflutningsgjalda hefur ekki farið fram eða trygging greiðslu aðflutningsgjalda ekki verið lögð fram, skulu ákvæði 3. gr. reglugerðar þessarar gilda þegar bifreið er endanlega tollafgreidd.

*Fjármálaráðuneytið, 4. nóvember 1988.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

*Guðrún Ásta Sigurðardóttir.*

Nr. 485

24. október 1988

## AUGLÝSING

### um breytingu á staðfestu aðalskipulagi Patreksfjarðar.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Patrekshrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins hinn 5. október 1988 fallist á og staðfest, sbr. 3. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, þá breytingu á aðalskipulagi Patreksfjarðar að landnotkun á svæðinu austan við sjúkrahúsið breytist úr íbúðabyggð og grænu svæði í svæði fyrir opinberar byggingar.

*Félagsmálaráðuneytið, 24. október 1988.*

F. h. r.

**Berglind Ásgeirsdóttir.**

*Hólfríður Snæbjörnsdóttir.*

Nr. 486

31. október 1988

## AUGLÝSING

### um breytingu á staðfestu aðalskipulagi Hafnarfjarðar.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Hafnarfjarðar hefur skipulagsstjórn ríkisins hinn 19. október 1988 fallist á og staðfest, sbr. 3. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, þá breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar að landnotkun á svæði sem afmarkast af Öldugötu, Hringbraut og Lækjargötu verður íbúðasvæði í stað iðnaðarsvæðis.

*Félagsmálaráðuneytið, 31. október 1988.*

F. h. r.

**Berglind Ásgeirsdóttir.**

*Hólfríður Snæbjörnsdóttir.*